

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Bitra, land, L200842, landbúnaðarlóðir, hótél og smáhýsi.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem í felst skilgreining á þremur landbúnaðarlóðum og þremur verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemma. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Enn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum, að 70 fm, þar sem geti gist allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu skal ekki fara umfram 0,05. Samþykkt í sveitarstjórn 3. desember 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 18. febrúar 2025.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 4. mars 2025